

Skýrsla Skógræktarfélagss Selfoss um framkvæmdir í Hellisskógi á árinu 1996

Félagsmenn unnu þrjú kvöld við plöntun, umhirðu og áburðargjöf. Einnig vann einn starfsmaður launaður af atvinnuleysistryggingarsjóði við plöntun og áburðargjöf frá 5. til 28. júní. Eins og undanfarin ár sinnti Örn Óskarsson verkstjórn í Hellisskógi, ásamt skipulagsvinnu, eftirliti og sá um kaup og flutning á plöntum og áburði.

Vöxtur í trjágróðri var almennt góður og tré komu kallaus og óskemmd undan vetri.

Helstu framkvæmdir í Hellisskógi 1996.

- 1) **Plöntun.** Félagsmenn unnu tvö kvöld við plöntun í Hellisskógi. Fyrra kvöldið. 3. júní mættu 18 félagsmenn og plöntuðu 2240 plöntum af jörvavíði, viðju, hreggstaðavíði, strandavíði og alaskaösp (Salka) í skjólbelti meðfram Biskupstungnabraut (sjá plöntulista). Að kvöldi 10. júní mættu 30 menn og plöntuðu 262 plöntum af 18 tegundum og 31 kvæmi (þar af 12 alaskavíðkvæmi) í trjásafnsreit (sjá plöntulista). Starfsmaður á vegum atvinnuáttaks plantaði jörvavíði, hreggstaðavíði og alaskavíði í skjólbelti ofan og neðan við öskuhauga og með nýja veginum neðan við Hellinn. Einnig bætti hann jörvavíði í skjólbeltin frá síðasta ári. Starfsmaður skógræktarfélagssins plantaði sitkaelri (40p) og gráelri (5p) við tjörnina vestan við Grímskletta og sitkagreni (120p) í þyrpingar sunnan og norðan við Grímskletta. Norskættuðu birki (200p) var plantað í þyrpingar norðan við Grímskletta og kjarrelri (40p) í þyrpingar með ánni neðan Hellisholts. Fimm plöntum af knappareyni og fimm blæsparplöntum var dreift víða um Hellisskóg. Grunnskólanemendur mættu í Hellisskóg 23. maí og plöntuðu nokkur hundruð birkiplöntum vestan við Hellisbrú. Vinnuflokkur úr unglingavinnu plantaði 1480 sitkaelriplöntum og 120 asparplöntum norðan í Sekkjarholt 6. ágúst. Einnig plöntuðu einstaklingar og félagssamtök í sína reiti svipað og undanfarin ár. Alls var um 8330 plöntum plantað í Hellisskógi sumarið 1996.



Sumarið 1996 var plantað í stóra skjólbeltið við Biskupstungnabraut. Myndin er tekin í ágúst 1996.

Plöntulisti.

Plöntur í skjólbelti.

| | |
|-----------------------------------|------|
| Alaskavíðir (beðplöntur) | 700 |
| Alaskavíðir (fp) hríma, S-1, S-3. | 100 |
| Viðja (fp) | 560 |
| Hreggstaðavíðir (fp) | 560 |
| Strandavíðir (fp) | 175 |
| Jörvavíðir (Skessa) (fp) | 2870 |
| Alaskaösp (fp) | 350 |

Plöntur í trjásafn.

| | |
|--------------------------------------|-----|
| Alaskavíðir (fp og pottapl) 12 kvæmi | 120 |
| Salix sp (fp) 5 kvæmi | 50 |
| Markavíðir (2 kvæmi) | 20 |
| Lensuvíðir | 10 |
| Freravíðir | 10 |
| Sitkavíðir | 10 |
| Asíuösp (pottapl) | 8 |
| Rauðölur (pottapl) | 10 |
| Hæruölur (pottapl) | 2 |
| Sitkaölur (pottapl) | 5 |
| Blæölur (pottapl) | 2 |
| Mýrarlerki (pottapl) | 5 |
| Rússalerki (pottapl) | 5 |
| Sitkagreni pottapl) kvæmi Sigtún | 5 |

Aðrar tegundir.

| | |
|----------------------------|------|
| Knappareynir (pottapl) | 5 |
| Alaskaösp (fp) | 120 |
| Blæösp (pottapl) | 5 |
| Birki (fp) norskt | 200 |
| Birki (fp) | 300 |
| Kjarrelri (fp) | 40 |
| Sitkaelri (fp) | 1520 |
| Gráelri (pottapl) | 5 |
| Sitkagreni (fp) Tumastaðir | 120 |

2) Áburðardreifing og umhirða

Félagsmenn reittu frá sitkagreni- og stafafuruplöntum upp með Hellisgili 6. júní. Borinn var tilbúinn áburður (blákorn) að trjánnum. Áburðurinn var settur í holu sem gerð var með plöntustaf til hliðar við plöntuna. Þetta er heldur seinlegri aðferð en hefðbundin áburðargjöf en er talin áhrifaríkari, þ.e. áburðurinn endist lengur og nýting hans batnar.

Samhliða plöntun í trjásafnsreit var áburður borinn að flestum trjám í reitnum og reitt frá þeim minnstu.

Í júní bar starfsmaður á vegum atvinnuátaks blákorn á öll skjólbeltin frá síðasta ári ásamt þeim sem plantað var í sumar. Hann reitti einnig frá birki suðvestan við Tjarnarhóla og bar á trén. Alls var borið á úr 15 pokum (25 kg hver) af blákorni.

3) Jarðvinnsla

Gísli Geirsson tætti fyrir skjólbeltum upp við Biskupstungnabraut og neðan við öskuhaugana. Einnig tætti hann niður skurðruðning með nýja veginum neðan við Helli. Verkið var unnið í maí og júní.

4) Vegagerð.

Í febrúar lögðu starfsmenn áhaldahúss Selfossbæjar 250 m langan veg frá enda gamla vegarins norðan við Tjörnina og upp að Helli. Þar var gert snúningsplan. Í nóvemberlok héldu þeir vegagerð áfram í átt að Halakletti.

Þessi viðbót á vegakerfið mun nýtast vel bæði við flutning á plöntum, áburði og efni í göngustíga. Einnig eru þetta kærkomnar brautir fyrir trimmara bæjarins.

5) Framræsla og áveita.

Starfsmaður áhaldahúss gróf grunnan framræsluskurð meðfram nýja veginum neðan við Helli í febrúar. Ræsi var sett undir veginn og vatninu úr skurðinum veitt í tjörnina við Tjarnarhóla. Þar með hélst stöðugt vatnsborð í tjörninni í allt sumar en undanfarin ár hefur hún þornað upp í þurrkatíð.

Umhverfis tjörnina myndaðist einnig afbragðs votlendi sem vonandi mun nýtast fuglum sem varpsvæði á komandi árum.



Vegur og skurður neðan við Hellinn. Hvorttveggja var framkvæmt í febrúar 1996.

6) **Hreinsun Hellis.**

Vinnuflokkur úr unglíngavinnunni hreinsaðu til í Hellinum í sumar. Einnig var endurhlaðin gamla grjóthleðslan í hellismunnanum.

7) **Skilti.**

Skiltið sem sett var upp árið 1995 var dæmt ónýtt í október, Lakkið flagnaði af og límingarnar undir því losnuðu af vegna vatns sem þar með átti greiða leið að vatnsleysanlegu líminu. Fyrirtækið sem útbjó skiltið er hætt en Fagform er tilbúið til að endurgera skiltið um leið og fjármagn fæst til slíkra verka.

Selfossi 7. des. 1996

Örn Oskarsson